

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
STOFNAÐ 1949

4. fundur mannvirkjanefndar LH 2024-2026
03.mars 2026 kl. 20:00
Fjarfundur

Mætt úr nefnd: Hilmar Guðmannsson formaður varastj LH, Reynir Atli Jónsson varastj LH, Jón Þorberg Steindórsson varastj LH, Sigurður Tyrfingsson, Pétur Bragason, Stefán Ármannsson, Vignir Björnsson
Fundargerð ritar: Hilmar Guðmannsson
Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Susanne Bruun og verkefni um gæði reiðvalla.
Pétur ætlar að ræða við Susanne og fá kynningu á verkefninu. Allir sammála að halda staðfund og reyna að ná sem flestum á fundinn.
2. Umræður þrengingu að hesthúsaþverfum og reiðvegum. Miklar umræður um þrengingar á Selfossi, Spretti og Herði. Aðrar umræður voru sinubruni í Heiðmörk og aðkoma björgunaraðila, sinnuleysi sveitarfélaga varðandi landeigendur sem reyna að loka reiðleiðum eftir hentugleika á sínu landi. Pétur talaði um að halda umræðunni á lofti og taka umræðuna oftari við sveitarfélögin svo að sveitarfélögin spfi ekki á verðinum varðandi þjóðleiðir og aðstöðu sem hestamennskan útheimtir.
3. Tilhlökkun er vaðandi landsmót. Hilmar átti mjög gott spjall við Heiðar framkvæmdastjóra Landsmóts í febrúar um vellina á Hólum. Allir aðilar framkvæmdanefndar voru mjög ánægðir með það verk sem var unnið á hólum 2025 og ekkert sem ætti að halda aftur af frábæru móti í sumur 2026.
Heyrst hefur af hækkandi verði á gistingu í Skagafirði og ástandinu líkt við villta vestrið. Verður nefnt á næsta stjórnarfund LH. Ath hvort eitthvað sé hægt að gera.

Annað ekki rætt og fundi slitið 20:50